

Safnasjóður

02 918

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---------------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Safnasjóður

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Safnasjóður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga safnalaga nr. 141/2011.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 249,7 milljónir og afkoma kr. -4,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 71,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Safnasjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Safnasjóðs fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Páll Magnússon
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|--|------|--------------------|--------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 248.800.000 | 142.500.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 237.048 | 170.597 |
| Tekjur samtals | | <u>249.687.874</u> | <u>142.670.597</u> |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 3 | 15.520.725 | 12.494.630 |
| Framlög og tilfærslur | 4 | 228.448.850 | 119.048.660 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 9.490.781 | 8.585.437 |
| Afskriftir | 6 | 237.048 | 170.597 |
| Gjöld samtals | | <u>253.697.404</u> | <u>140.299.324</u> |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (4.009.530) | 2.371.273 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (24.571) | (37.047) |
| | | <u>(24.571)</u> | <u>(37.047)</u> |
| Afkoma ársins | | <u>(4.034.101)</u> | <u>2.334.226</u> |
| Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum | | | |
| Rekstur | 2 | (4.585.251) | 2.334.226 |
| Rekstrartilfærslur | | 551.150 | 0 |
| | | <u>(4.034.101)</u> | <u>2.334.226</u> |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 7 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 490.893 | 425.976 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>490.893</u> | <u>425.976</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Tengdir aðilar | 8 | 71.086.976 | 32.663.068 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>71.086.976</u> | <u>32.663.068</u> |
| Eignir samtals | | <u>71.577.869</u> | <u>33.089.044</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 9 | | |
| Hrein eign | | (926.990) | 3.107.111 |
| Eigið fé samtals | | <u>(926.990)</u> | <u>3.107.111</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 8 | 300.000 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 407.653 | 313.921 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 71.722.950 | 29.356.708 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 10 | 74.256 | 311.304 |
| Skuldir samtals | | <u>72.504.859</u> | <u>29.981.933</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>71.577.869</u> | <u>33.089.044</u> |
| Aðrar upplýsingar | 11 | | |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|--|------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (4.034.101) | 2.334.226 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 237.048 | 170.597 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (237.048) | (170.597) |
| | | <u>(4.034.101)</u> | <u>2.334.226</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 0 | 0 |
| Tengdir aðilar | | (38.425.873) | (12.715.314) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 42.459.974 | 10.381.088 |
| | | <u>4.034.101</u> | <u>(2.334.226)</u> |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 7 | (301.965) | (114.672) |
| | | <u>(301.965)</u> | <u>(114.672)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Tengdir aðilar | | 301.965 | 114.672 |
| | | <u>301.965</u> | <u>114.672</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| | | <u>0</u> | <u>0</u> |
| Handbært fé í árslok | | | |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Aðrar eignir | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrir en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|-----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 248.800.000 | 142.500.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 237.048 | 170.597 |
| | <u>249.037.048</u> | <u>142.670.597</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|--|--------------------|-------------------------|--------------------------|--------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 20.000.000 | 229.000.000 | 0 | 249.000.000 |
| Fjárukalög | (200.000) | 0 | 0 | (200.000) |
| Fjárveiting til tekna | 19.800.000 | 229.000.000 | 0 | 248.800.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum | (24.385.251) | (228.448.850) | 0 | (252.834.101) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (4.585.251) | 551.150 | 0 | (4.034.101) |

| | 2020 | 2019 |
|---|-------------------|-------------------|
| 3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | |
| Laun | 12.752.300 | 10.153.836 |
| Launatengd gjöld | 2.748.425 | 2.246.894 |
| Starfsmannakostnaður | 20.000 | 93.900 |
| | <u>15.520.725</u> | <u>12.494.630</u> |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 1,0 | 1,0 |

4 Framlög og tilfærslur

| | | |
|---|--------------------|--------------------|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 5.750.000 | 2.200.000 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 222.698.850 | 116.848.660 |
| | <u>228.448.850</u> | <u>119.048.660</u> |

5 Annar rekstrarkostnaður

| | 2020 | 2019 |
|---|------------------|------------------|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 62.975 | 122.656 |
| Ýmis tæki og áhöld | 91.901 | 600 |
| Matvæli | 133.915 | 100.269 |
| Almennar rekstrarvörur | 0 | 23.340 |
| Vörukaup, almenn | 288.791 | 246.865 |
| Fundir, námskeið, risna | 74.590 | 637.944 |
| Ferðir, uppihald | 310.764 | 1.318.559 |
| Akstur | 6.110 | 29.221 |
| Sérfræðipjónusta | 5.671.778 | 3.811.989 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 29.519 | 2.855 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 530.760 | 268.989 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 131.912 | 63.089 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta | 6.755.433 | 6.132.646 |
| Afnotagjöld | 671.563 | 828.693 |
| Leigugjöld | 1.736.679 | 1.349.844 |
| Notkun véla og flutningatækja | 12.000 | 0 |
| Verkkaup | 26.315 | 6.361 |
| Kostnaðarhlutdeild | 0 | 19.028 |
| Opinber gjöld | 0 | 2.000 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 2.446.557 | 2.205.926 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 9.490.781 | 8.585.437 |

Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| 6 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 237.048 | 170.597 |
| | <u>237.048</u> | <u>170.597</u> |
| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |

7 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|------------------------|----------------|----------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 490.893 | 425.976 |
| | <u>490.893</u> | <u>425.976</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

| | Áhöld, tæki og búnaður |
|---------------------------|------------------------|
| Staða 1.1.2020 | 1.241.602 |
| Viðbætur á árinu | 301.965 |
| | <u>1.543.567</u> |
| Afskriftir 1.1.2020 | 815.626 |
| Afskrift ársins | 237.048 |
| | <u>1.052.674</u> |
| Staða 31.12.2020 | <u>490.893</u> |

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 71.086.976 | 32.663.068 |
| | <u>71.086.976</u> | <u>32.663.068</u> |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|----------------|----------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 300.000 | |
| | <u>300.000</u> | <u>0</u> |

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|----------------------|------------------|------------------|
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | 3.107.111 | 772.885 |
| Afkoma ársins | (4.034.101) | 2.334.226 |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(926.990)</u> | <u>3.107.111</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|--|---------------|----------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 490.893 | 425.976 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ... | (416.637) | (114.672) |
| | <u>74.256</u> | <u>311.304</u> |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Staða 1.1.2020 | 425.976 | (114.672) | 311.304 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 301.965 | (301.965) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (237.048) | 0 | (237.048) |
| | <u>490.893</u> | <u>(416.637)</u> | <u>74.256</u> |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.